

Börkur Sigurbjörnsson

# Til morguns

örsaga



Urban Volcano

# Til morguns

## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2023  
<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/3.0/>

Útgefandi: Urban Volcano

**<https://urbanvolcano.net/>**

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölrítun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efniinu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## Til morguns

---

Ég legg aftur augun og dreg andann djúpt í gegnum munninn. Nefið er stíflað af kvefi. Ég finn fyrir þyngslum í brjóstinu og bólgu í kokinu. Loftið fer illa í lungun og ég hósta. Ég finn þyngslin flæða upp í höfuðið og veit að sótthitinn er ekki liðinn hjá. Þessi flensa er ekki að fara neitt.

Ég sný mér á hliðina, dreg að mér fæturna og hringa mig í fósturstellingu. Ég veit hvernig ég get læknað mig. Ég þekki töframixtúruna. Og hún er ekki flókin. Það eina sem ég þarf að gera er að sofa. Hvíla mig. Gefa líkamanum það svigrúm

sem hann þarf til þess að vinna sig í gegnum þessa flensu á sinn náttúrulega máta.

★ ★ ★ ★ ★

Ég opna augun og lít á klukkuna. Það er ennþá tiltölulega snemma kvölds. Það er von.

Þessa dagana vakna ég á hverjum morgni með samviskubit yfir því að hafa ekki komið í verk því sem ég ætlaði að gera í vikunni. Það grætir mig að hafa tapað jafn mörgum vinnustundum. Öll plön mín hafa riðlast. Nú þarf ég að sofna til þess að ná þessum skít úr mér. Til þess að ná aftur tókum á tilverunni. Þess vegna fór ég snemma í háttinn. Til þess að sofna. Til þess að batna.

★ ★ ★ ★ ★

Ég bylti mér á bakið. Þyngslin í höfðinu leka aftur í hnakkann. Ég sný mér á hliðina. Þyngslin renna fram í ennið. Það er sama hvernig ég bylti mér. Ég finni ekki afslappandi stöðu. Þyngslin í höfðinu magnast. Hnúturinn í maganum herpist.

Ef ég sofna ekki strax þá mun morgundagurinn verða alveg eins eyðilagður og hinir þrír dagarnir sem ég hef sólundað í veikindi þessa vikuna. Ég mun vakna klukkan níu, lítt sofinn og fullur samviskubits. Ég mun drösla mér á fætur og reyna að koma einhverju í verk til þess að dragast ekki enn frekar aftur úr mínum plönum. Ég mun telja mér trú um að ég sé nógu hress til að vinna. Ekki nógu slappur til þess að hanga uppi í rúmi. Bara vegna þess að ég vil ekki viðurkenna að ég er ekki nógu hress. Ég mun þó koma litlu í verk þar sem höfuðið

verður þungt og augnlokin enn þyngri. Eftir því sem líður á daginn mun mér einungis takast að auka enn á veikindin án þess að komast nokkuð nær markmiðum vikunnar.

Nema kannski að mér tækist að sofna fljótt.

★ ★ ★ ★ ★

Ég opna augun og lít á vekjaraklukkuna. Núll, núll, núll. Miðnætti. Nú þarf ég að fara að sofna. Ég þarf að eyða áhyggjunum um að ná ekki bata. Ég þarf að nota nóttina til þess að safna kröftum. Hvíla líkamann til þess að honum nái að batna.

Gangi mér vel. Ég er glaðvakandi. Fullur af angist og kvíða yfir að geta ekki sofnað. Það er lítt gengið fram yfir miðnætti en ég er strax búinn að rústa morgundeginum með því að ná ekki að sofna. Ég finn það á mér. Ég þekki mig. Ég verð að sofna. Það er hins vegar ekki að fara að gerast.

★ ★ ★ ★ ★

Ég rís upp við dogg, teygi mig í pappír og snýti mér. Það er alltaf sama sagan. Ég segi við sjálfan mig að næst muni ég haga mér öðruvísi. Ég muni slaka á og leyfa mér að vera veikur. Ég muni leyfa mér að sofa. Ég muni leyfa líkamanum að vinna sig í gegnum sýkinguna fljótt og örugglega—á sínum tíma. Þegar á hólminn kemur þá leyfi ég mér hins vegar aldrei að vera veikur. Ég þræla mér áfram án þess að koma nokkru almennilega í verk. Leyfi mér ekki að sofa daglangt. Leyfi mér ekki að batna.

★ ★ ★ ★ ★

Ég kasta af mér sænginni, sest upp og gríp um höfuðið. Ég höndla ekki þessa flensu lengur. Það er svo sorglegt að ég veit hvernig ég get læknað mig. Ég þarf bara að sofa.

Nú er hugsunin komin í enn einn hringinn án þess að komast að nokkru nýju sem ég vissi ekki fyrir. Það eina sem hefur þokast áfram er tíminn á ferðalagi sínu frá upphafi til enda-loka. Klukkan er farin að ganga tvö. Ég er enn ekki sofnaður. Það er ekki að fara að gerast. Ég er ekki að fara að sofna í bráð. Ég er ekki að fara að vakna ferskur í fyrramálið. Vikan er farin í súginn.

## Um höfundinn

---

Börkur Sigurbjörnsson er menntaður tölvunarfræðingur og hefur hugbúnaðarþróun sem aðal viðurværi en sinnir skáldskap í hjáverkum. Börkur er fæddur og uppalinn í Reykjavík en hefur á undanförunum tveimur áratugum búið víðs vegar um heiminn, með langtímadvöl í Amsterdam, Barselóna, Bursheid, Düsseldorf, Lundúnum, Montevideo, París og Reykjavík. Börkur birtir reglulega örsögur, smásögur og ljóð á vefsíðunni Urban Volcano.

## Bækur höfundarins

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erlendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson (heimasíða)

Urban Volcano